

REGLUGERÐ

**um gildistöku framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014
frá 11. júlí 2014, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB
að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði.**

1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til á eftir liðum 4o og 11o í kafla IV í II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2015, frá 11. desember 2015, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 frá 11. júlí 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar loftræstieininga fyrir íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2014 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19/2016, 31. mars 2016, bls. 21.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 13. gr. laga nr. 72/1994, um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. apríl 2016.

Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Erla Sigriður Gestsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2016